

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launaskattur nemur 3,5% —þremur og hálfum af hundraði—, af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum er síðar greinir.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Laun og þóknanir við neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað samkvæmt 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Með iðnaði samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem fólgin er í „mekanískri“ eða „kemískri umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum eða höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi.
2. Laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, maka hans og barna hans, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Störf við landbúnað er undanþágan tekur til eru:

Kvikfjárrækt. Til hennar telst sauðfjárrækt, nautgriparækt, alifuglarækt (þ.m.t. æðavarp), svínarækt og loddýrarækt.

Jarðyrkja. Til hennar telst garðyrkja, gróðurhúsarækt, heyframleiðsla og kornrækt.

Skógrækt. Til hennar telst gróðursetning, grisjun og skógarhögg en ekki stjórnunar- eða sölustarfsemi.

Vinna við að nytja hlunnindi jarðarinnar, þ.m.t. veiði fulgla og dýra, eggjataka og grenjavinnsla.

Undanþágan nær ennfremur til vinnulauna vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda vegna búrekstrarins sjálfs, vegna girðinga um tún og haga, afrétti og skóga, svo og til viðhaldsvinnu þessara mannvirkja.

Aðrar framkvæmdir í sveitum, svo sem bygging eða viðhald skóla, félagsheimila, fiskræktarstöðva, graskögglaferksmiðja, kirkna, sumarbústaða, verslunar- og sláturhúsa, vega o.s.frv., eru ekki undanþegnir þótt framkvæmdir fari fram á bújörð.
3. Laun eða þóknanir fyrir störf, unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem ekki eru heimilsfastir hér á landi.
4. Laun er varnarliðið greiðir til manna hér á landi og ekki eru skattskyld hér, sbr. lög nr. 110/1951.
5. Björgunarlaun samkvæmt áttunda kafla siglingalaga nr. 34/1985. Undanþágan samkvæmt 1. og 2. tl. miðast eingöngu við fyrirtæki sem falla undir ofangreinda flokkun en nær ekki til launa og þóknana fyrirtækja sem selja þessum aðilum vörur sínar og þjónustu.

3. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist er launaskattskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 2. gr. og 11. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyrir hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar skal skipt upp í launaskattsskyldar greiðslur og greiðslur undanþegnar launaskatti, sbr. 2. gr. og 11. gr., í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslna launaskattsskyldra launa og undanþeginna launa sbr. 1. mgr. áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reiknast launaskattur af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt með síðari breytingum, sbr. III. kafla laga nr. 10/1988, öðlast gildi 1. júlí 1988 og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. júní 1988.

Fjármálaráðuneytið, 13. júní 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til og með 30. september 1988 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 166, 25. mars 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júní 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.